

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 63/1916.

J. V. Havsteen
 gegn
 H. Söbstad.

D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, etatsráð J. V. Havsteen á Oddeyri, höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Akureyrar-kaupstaðar gegn stefnda H. Söbstad útgerðarmanni á Siglufirði, til greiðslu á verzlunarviðskiftaskuld að upphæð kr. 601.43, en stefndi höfðaði þá gagnsök á hendur J. V. Havsteen til greiðslu á kr. 1415.08, er nann taldi til skuldar hjá honum. Var dómur kveðinn upp í málum þessum 20. júní f. á. á þá leið, að af aðalkröfunni skyldi takast til greina kr. 475.01, en af gagnkröfunni kr. 623.28, og var áfrýjandi þannig dæmdur til að greiða stefnda mismuninn kr. 148.27 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1914 til greiðsludags. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 18. okt. f. á. og krafist þess, að kröfur hans fyrir undirrétti bæði í aðalsök og gagnsök verði teknar til greina, en þær voru í aðalsökinni að stefndi yrði dæmdur til að greiða 601 kr. 43 a. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og í gagnsökinni að verða algerlega sýknaður. Svo krefst hann málskostnaðar í báðum málunum fyrir undirrétti og í þessu máli fyrir yfirrétti eftir mati réttarins.

Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta fyrir

yfirdóminum, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og verður málið því dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N.L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Skuld sú, er áfrýjandi krefst dóms fyrir, er samkvæmt framlögðum viðskiftareikningi talin kr. 601.43. Af þessari upphæð hefir stefndi fyrir undirrétti sérstaklega mótmælt kr. 18.20 til brytans á e/s »Argus« og 1 kr. til Sekse, er hann telur sér óviðkomandi. Ennfremur mótmælti hann kr. 18.46 fyrir ölföskukassa, flöskur og umbúðir, er hann segist aldrei hafa fengið, og loks mótmælti hann vöxtum þeim, sem áfrýjandi hafði reiknað sér og voru innifaldar í dómkröfu hans, með því hann (stefndi) hefði aldrei skuldað áfrýjanda og auk þess hefði verið svo umsamið, að hvorugur skyldi reikna öðrum vexti meðan viðskiftin héldust.

Áfrýjandi heldur því nú fram, að umgetnar upphæðir kr. 18.20 til brytans og 1 kr. til Sekse hafi verið greiddar eftir beiðni stefnda, en með því áfrýjandi hefir eigi fært sannanir fyrir þessari staðhæfingu, verður krafa hans að þessu leyti eigi tekin til greina. — Áfrýjandi hefir heldur eigi sannað, að stefndi hafi fengið umræddan ölföskukassa, flöskur og umbúðir, og ber því einnig að draga þá upphæð kr. 18.46 frá aðalkröfunni.

Af gagnkröfu stefnda fyrir undirrétti, sem var alls kr. 1415 08 var tekið til greina í hinum áfrýjanda dómi kr. 623.28, og eftir því sem málið liggur fyrir kemur ekki annað af gagnkröfunni til álita hér fyrir réttinum. Þessi upphæð sundurliðast þannig:

1. of lágt reiknað verð á 87 tunnum af salti	kr. 21.75
2. of lágt reiknuð leiga fyrir hús, bryggjuafnot og söltunarpláss	— 91.00
3. of lágt reiknað verð á 80 sildartunnum	— 40.00
4. endurgreitt útflutningsgjald af sild	<u>— 470.53</u>

Samtals kr. 623.28

Ad. 1. Í apríl 1911 keypti áfrýjandi 87 tunnur af salti af stefnda, og hefir hann fært honum salt þetta til tekna með kr. 282.75, og svarar það til kr. 3.25 fyrir hverja salttunnu. Heldur áfrýjandi því fram að samkomulag hafi verið um verð það, er hann hefir tilfært. Þessu hefir stefndi neitað; krefst hann 25 aur. meira fyrir hverja salttunnu eða alls 21 kr. 75 a. Með því að áfrýjandi hefir eigi sannað umrædda samninga og þar sem hann hefir eigi fært rök fyrir því, að kr. 3.50 sé ósaunjarnt verð fyrir salttunnu, ber að taka þennan lið gagnkröfunnar til greina.

Ad. 2. Fyrir húsaleigu, bryggjulán og söltunarpláss í 34 daga hefir áfrýjandi fært stefnda til tekna 34 kr. Stefndi krefst hinsvegar 125 kr. borgunar fyrir þetta. Þar sem ekki hefir verið samið fyrirfram um borgun fyrir þessi hús-afnot og áfrýjandi hefir ekki fært rök fyrir því, að hin heimtaða leiga sé hærrí en venja er til á Siglufirði, verður ekki komist hjá að taka þennan kröfulið til greina.

Ad. 3. Í júlí 1911 hefir áfrýjandi fært stefnda til tekna 280 kr. fyrir 80 tómar sildartunnur á kr. 3.50 hverja. Fyrir undirrétti krafðist stefndi aftur

á móti borgunar fyrir 100 tunnur tómar, er áfrýjandi hafði fengið, 4 kr. fyrir hverja tunnu, alls 400 kr., og auk þess 480 kr. fyrir 60 tunnur með salti. Í hinum áfrýjaða dómi var ekki talið sannað að til áfrýjanda hefði runnið meira af tunnum og salti en þær 80 tómar tunnar, er hann kannaðist við, en aftur á móti var tekið til greina verð það, sem stefndi krafðist fyrir þessar 80 tunnur, sem var 50 aurum hærra fyrir hverja tunnu, en áfrýjandi hafði fært stefnda til tekna, og var þannig af þessum lið gagnkröfunnar teknar til greina 40 kr.

Með því áfrýjandi hefir ekki sannað að samið hafi verið um kr. 350 fyrir tunnu, og ekki heldur fært rök fyrir því að verð það, er stefndi hefir krafist, sé ósanngjarnlega hátt, ber að fallast á niðurstöðu undirréttarins að því er þennan lið snertir.

Ad. 4. Í málinu liggur fyrir vottorð bæjarfógetans á Akureyri um það, að stjórnarráðið hafi með bréfi dags. 23. febr. 1910 falið bæjarfógetanum að greiða J. V. Havsteen sem sildarveiðastyrk úr Fiskiveiðasjóði Íslands kr. 506.72, og að það hafi með bréfi dags. 16. júní 1911 falið honum að greiða H. Söbstad og J. V. Havsteen pr. Erlings Rederi kr. 434.35 sem sildveiðastyrk úr Fiskiveiðasjóði Íslands. Þessum upphæðum hefir áfrýjandi veitt móttöku, en stefndi heldur því fram, að sild sú, er útflutt hafi verið og styrkurinn miðaður við, hafi verið hans eign, þótt áfrýjandi hafi flutt hana út undir sínu nafni og þessvegna hafi honum verið greiddar upphæðirnar, en þær séu í raun og veru endurgreiðsla á greiddu útflutningsgjaldi fyrir sild árin 1909 og

1910. Beri því áfrýjanda að standa sér skil á upphæðum þessum, en til samkomulags hafi hann ekki farið fram á endurgreiðslu nema á helmingnum af hvorri upphæðinni fyrir sig. Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi verið eigandi skips þess, er síldin veiddist á, útskipandi síldarinnar og seljandi. Auk þess hafi stefndi árin 1909 og 1910 ekki verið orðinn íslenzkur borgari í þeim skilningi, sem útheimtist til að fá endurgreiðslu á síldartolli, samkvæmt lögum nr. 11, 31. júlí 1907. Hins vegar hefir hann eigi neitað því fyrir undirrétti, að stefndi hafi umrædd ár gert út skip það, er síldin veiddist á.

Eftir umgetnu vottorði bæjarfógetans á Akureyri hefir áfrýjanda einum verið veittur síldveida-styrkurinn fyrir árið 1909, og þar sem ekkert er upplýst um það í málinu, eftir hvaða reglum stjórnarráðið veitir styrk þennan, verður, eftir því sem fyrir liggur, ekki álitið að stefndi eigi rétt til þess að fá þennan styrk sér greiddan eða nokkurn hluta hans. Hvað hinn síðari styrk snertir sést það hins vegar af vottorði bæjarfógetans, að sá styrkur er veittur H. Söbstad og J. V. Havsteen pr. Erlings Rederi. Þessi styrkur er því veittur bæði stefnda og áfrýjanda, og þar sem engin greinargerð fyrir liggur frá áfrýjanda hálfu í málinu, eftir hvaða hlutfalli styrkur þessi eigi að skiftast, og áfrýjandi heldur eigi fært sönnur á, að það hafi orðið að samkomulagi milli málsaðila að hann (áfrýjandi) einn ætti að njóta styrksins, virðist eiga að taka til greina kröfu stefnda um, að honum beri helmingur af þeim styrk eða kr. 217.17.

Samkvæmt framansögðu ber að draga kr. 37.66 frá aðalkröfu áfrýjanda, og af gagnkröfum stefnda ber að taka til greina kr. 21.75+91.00+40.00+217.17 = kr. 369.92, og með tilliti til þess að þessar gagnkröfur stafa frá viðskiftum málsaðila árið 1911, má fallast á það, að undirdómarinn hefir dregið vexti, kr. 88.76, frá dómkröfu áfrýjanda.

Aðalkrafa áfrýjanda tekst þannig til greina með kr. 475.01 og gagnkrafa stefnda með kr. 369.92. Mis-
muninn, kr. 105.09 ber stefnda að greiða áfrýjanda með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 25. sept. 1914 til borgunardags.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Við frágang undirdómarans á gestaréttargerðunum athugast það, að ýms skjöl, sem fram voru lögð í gestaréttinum og eru réttarins eign, hafa verið látin fylgja dómsgjörðunum, en eigi verið tekin upp í þær, eins og vera bar samkvæmt N. L. 1—5—13. Þetta hefir þó eigi þótt næg ástæða til að vísa málinu frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi H. Söbstad greiði áfrýjanda J. V. Havsteen kr. 105.09 með 6% ársvöxtum frá 25. sept. 1914 til borgunardags. — Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.